

Mánudaginn 31. okt. 1927.

Nr. 49/1927.

Ólafur Þorsteinsson

.gegn

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ólafur Þorsteinsson, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Mánudaginn 31. okt. 1927.

Nr. 50/1927.

Helgi Benediktsson

.gegn

Metúsalem Jóhannssyni.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Helgi Benediktsson, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Föstudaginn 4. nóv. 1927.

Nr. 69/1927.

Rjettvísín (Sveinbj. Jónsson)

.gegn

Sigurði Sigurðssyni, Ólafi Sigurðssyni og Birni Einarssyni

(Lárus Jóhannesson).

Þjófnaðarmál.

Dómur aukarjettar Rangárvallasýslu 27. maí 1927: Ákærðu sæti fangelsi við vatn og braud Sigurður Sigurðsson 3×5 daga.

Björn Einarsson og Ólafur Sigurðsson hvor um sig 2×5 daga, en samkvæmt framangreindum lögum 16. nóv. 1907, skal fresta fullnustu þessara refsinga, og skulu þær falla niður ef ákærðu halda skilorð laganna. — Þá skulu þeir og greiða kaupfjelagi Hallgeirseyjar, Sigurður Sigurðsson 28 kr., Björn Einarsson 39 kr., og Ólafur Sigurðsson 31 kr., og einn fyrir alla og allir fyrir einn, allan af máli þessu leiðandi kostnað innan 15 daga, frá lögbirtingu dóms þessa, og honum að öðru leyti að fullnægja, ef til kemur með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Með því að hinir ákærðu fóru í kaupfjellags-húsið í Hallgeirsey með lyklum, sem ekki voru til þess ætlaðir en gengu þó að húsinu, verður að heimfæra stuld þeirra þar undir 4. lið 231. gr. hegningarlaganna. Hinsvegar er peningastuldur Sigurðar Sigurðssonar af vörubifreiðinni á hlaðinu á Gaddstöðum rjettilega látinn varða við 230. gr. laganna.

Sigurður var hvataður að þjófnaðinum í Hallgeirsey gagnvart Birni Einarssyni og einnig gagnvart Ólafi Sigurðssyni, nema í síðustu ferð Ólafs þangað. Verður því að refsast Sigurði samkv. 231. sbr. 53. og samkv. 230. sbr. 63. gr. hegningarlaganna, og þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega metin 9 mánaða betrunarhússvinnu.

Birni og Ólafi verður samkvæmt ofansögðu ekki komist hjá að refsast samkv. 231. gr. og þá með 8 mánaða betrunarhússvinnu.

Um iðgjaldagreiðslu og málskostnað á auka-rjettardóminum að vera óraskað.

Hinir ákærðu greiði, einn fyrir alla og allir fyrir einn, allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, meðal annars málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, sem ákveðin eru 80 kr. til hvors.

Þess er ekki getið, hversvegna mál þetta lá

undir dómi í hjeraði frá 22. janúar til 27. maí þ. á. og verður sá dráttur að teljast aðfinningarverður.

Því dæmist rjett vera:

Hinir ákærðu, Sigurður Sigurðsson, Ólafur Sigurðsson og Björn Einarsson, sæti hver um sig betrunarhússvinnu, Sigurður í 9 mánuði, en hvor hinna Ólafur og Björn, í 8 mánuði.

Um iðgjaldagreiðslu og málskostnað skal aukarjettardóminum óraskað.

Hinir ákærðu greiði, einn fyrir alla og allir fyrir einn, allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, hæstarjettarmálflutningsmannanna Sveinbjarnar Jónssonar og Lárusar Jóhannessonar, 80 kr. hvorum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Í máli þessu eru þeir Sigurður Sigurðsson frá Búð, Björn Einarsson frá Oddsparti, og Ólafur Sigurðsson frá Háa-Ríma, allir í Þykkvabæ innan Ásahrepps, kærðir af rjettvísinnar hálfu fyrir þjófnað.

Við rannsókn þá, sem fram hefir farið í málinu eru hinir ákærðu orðnir sannir að sök um afbrot þau er nú skal greina.

Ákærði Sigurður Sigurðsson, vinnumaður hjá Hafliða Guðmundssyni bónda og kaupfélagsstjóra að Búð, var í haust leið sendur upp að Gaddstöðum á Rangárvöllum við 3ja mann með mjólk, sem átti að sendast þaðan til Reykjavíkur með bíl, til heyrandi Þorsteini Björnssyni frá Vetleifsholti. Voru þeir allir komnir þangað áður en bíllinn kom um kl. 11 að kvöldi hins sama dags. Hjálpuðust þeir til þess að afferma bílinn og gengu síðan allir samtímis heim að bænum, ásamt eiganda bílsins og

fleirum, en er heim kom, var ákærður sendur með vörur á vagna er þeir áttu hjá bílnum, og þegar það var gjört, varð honum gengið meðfram bílnum að aftan, og sá þá aftast á bílpallinum vetling með peningum í, sem hann tók og stakk í vasa sinn, með þeim ásetningi að hirða sem sína eign. Var þá bíllinn mannláus og enginn nærstaddur. En áður en þeir fóru frá Gaddstöðum um nóttina saknaði eigandinn, Þorsteinn Björnsson peninganna og sagði, að þeir hefðu átt að vera inn í vetling í tösku, sem verið hafði á bílnum og einhver þeirra hlyti að hafa tekið þá, en ákærði segir að þeir hafi þagað við og engu svarað.

Daginn eftir taldi ákærður peningana og reyndust þeir að vera 110 krónur alt í 1 kr. peningum. — Leið svo þangað til nokkru fyrir jólin, að Hafliði tjáði honum, að Þorsteinn grunaði hann valdan að peningahvarfinu, og kveðst hann þá hafa meðgengið það fyrir húsbónda sínum.

Átti þá ákærður eftir óeytt af peningunum 53 krónur, er hann afhenti húsbóndanum og hann síðan Þorsteini, og einnig því sem ákærður hafði eytt.

En þegar ákærður hafði meðgengið þetta, þá meðgekk hann og greiðlega fyrir húsbónda sínum, að hann og meðákærðir væru valdir að hvarfi á ýmsu smádóti, er Hafliði sem útibússtjóri Kaupfélags Hallgeirseyjar hafði saknað úr verslunarhúsi kaupfélagsins og horfið hafði um jólaleytið árið 1925.

Hafa þeir Sigurður og Björn meðgengið að hafa á svar farið í verslunarhúsið á þessum tíma að kvöldi dags, þegar dimt var orðið, og Ólafur tvisvar með þeim í þeim tilgangi að hnupla. En til þess að komast í húsið notuðu þeir í öll skiftin lykil er Björn hafði smíðað.

Segir Björn tildrögin að lykilsmiðinni þau að lykillinn að verslunarhúsinu týndist hjá Hafliða, og var Björn fenginn til að smíða nýjan lykil.

Smíðaði hann fyrst lykil, er honum þótti mistakast og vera of þunnur, og síðan annan, er honum líkaði betur, en með báðum mátti þó opna læsinguna er var hengilás. Betri lyklinum skilaði hann, en hinn þynnri notuðu þeir fjelagar til þess að opna með húsið.

Meðákærður Björn neitar því að upphaflega hafi það verið tilgangur sinn að nota verri lykilinn í ólöglegu augnamiði. Er Björn einn til frásagnar um þetta atriði, sem ekki er ósennilegt og verður því að taka þann framburð trúanlegan. Rjett eftir lykilsmiðina varð þó að samkomulagi milli Bjarnar og Sigurðar,

aðallega eftir uppástungu Sigurðar að nota þennan lykil til að opna með húsið og taka þaðan ýmislegt smávægis, og síðar slóst Ólafur, sem er bróðir Sigurðar, með í hópinn.

Loks hefir meðákærður Ólafur játað, að hafa farið í húsið í þriðja sinni einu síns liðs í sama tilgangi. Var þá kominn nýr lás fyrir verslunarhúsið, en svo vildi til að Ólafur fann í rusli á heimili sínu samskonar lás með lykli, er hann notaði í þetta sinn til þess að opna með húsið. Samkvæmt framburði allra hinna ákærðu var þó enginn fjelagsskapur með þeim að skifta með sjör þýfinu, heldur átti hver að hirða sem sína eign það sem hann tók, og taka sem minnst, svo síður yrði uppvíst.

Hafa ákærðu meðgengið að hafa hnuplað í öll skiftin úr búðinni sem hjer segir:

- Nr. 1. — Sigurður í peningum 20 kr.
5 smápakka munntóbak, og $\frac{1}{2}$ pd. brjóstsýkur.
- Nr. 2. — Björn í peningum 12 kr.
2 pd. rjóltóbak, 1 vasahníf, 1 pd. súkkulaði,
og 2 brjef primus nálar.
- Nr. 3. — Ólafur í peningum smávægilegt en óákveðið,
1 pd. súkkulaði, 3 pd. reyktóbak, 1 vasahníf,
brjóstsýkur og sveskjur óákveðið, en ekki
meir en látið varð í vasa, og 1 brjef sokka-
bandateyjur.

Peningarnir, er þeir tóku, voru í opnum pappakassa í búðinni.

Ákærðu eru allir komnir yfir lögaldur sakamanna, Sigurður fæddur 27. júní 1906, Björn 6. júní 1898 og Ólafur 21. okt. 1907, og hafa þeir eigi sætt refsingu fyrir neitt afbrot.

Fyrir framangreind brot hafa ákærðu allir unnið til hegningar samkvæmt 230. gr. hinna almennu hegningarlaga, og þykir refsing Sigurðar hæfilega ákveðin með hliðsjón af 63. gr. 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð, og refsing þeirra Bjarnar og Ólafs, einnig með hliðsjón af 63. gr. hvors fyrir sig 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð.

En með því að telja verður ákærða Sigurði til málsbóta, fyrst og fremst æsku hans, rúmlega tvítugur, og að hann meðgekk síðasta afbrot sitt fyrir húsbónda sínum, og skilaði eða ljet skila þýfinu rjettum eiganda, og loks meðgekk einnig hreinskilnislega fyrri afbrot sín, er varð til þess að koma upp um þá, er honum voru samsekir, en þeir hinsvegar báðir uð nokkru leyti undir áhrifum frá honum, gagnvart Birni sem uppástungumaður að notkun lykilsins og gagnvart Ólafi sem bróðir hans og einu

ári eldri, og afbrot þeirra beggja mjög smáfeld, þá þykir rjett samkvæmt lögum um skilorðsbundna hegningardóma o. fl. nr. 39, 16. nóv. 1907, að ákveða að fresta skuli fullustu dóms þessa, að því er hegninguna snertir, og fella hegninguna niður að 5 árum liðnum frá uppsögn dómsins, ef ákærðu á þeim fresti verða eigi dæmdir hver um sig í opinberu máli fyrir glæp framinn af ásettu ráði í þyngri refsingu en sektir.

Þá ber að dæma hina ákærðu til að greiða Kaupfjølagi Hallgeirseyjar, sem iðgjöld samkvæmt rjettarins mati:

Sigurð	kr. 28,00
Björn	— 39,00
Ólaf	— 31,00

Svo skulu þeir og greiða in solidum allan af máli þessu leiðandi kostnað.

Ákærðu fengu við upptöku málsins til dóms, dómarsans leyfi til að dvelja í Vestmannaeyjum við sjóróðra til 11. þessa mánaðar en eru nú heim komnir.

Með tilliti til þessa vottast að meðferð málsins hefir verið víðtalaus.

Föstudaginn 11. nóv. 1927.

Nr. 3/1927. **Sigfús Blöndahl f. h. eigenda og váttryggjenda b/v. Senator Westphal** (Magnús Guðmundsson)

gegn

Pjetri Magnússyni f. h. eigenda og váttryggjenda b/v. Otur, og gagnsök (Sjálfur).

Útaf árekstri.

Dómur sjórjettar Reykjavíkur 17. júlí 1927: Framangreind kyrsetningargjörð skal úr gildi feld. Aðalstefnandi, Pjetur Magnússon hrm. f. h. eigenda og váttryggjenda b/v. Otur greiði gagnstefnanda Sigfúsi Blöndahl aðalkonsúl f. h. eigenda og váttryggjenda b/v. Senator Westphal kr. 366,67.

Málskostnaður í aðalsök og gagnsök falli niður.

Dóminum að fallnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirthingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.